



Fundargerð

Fundur haldinn í almannavarnanefnd miðvikudaginn 7. október 2020 kl. 13:00 í fjarfundabúnaði vegna þriðju bylgju Covid -19

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Margrét K. Pálsdóttir, Arnar Steinn Elísson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigurður Skarphéðinsson, Jón Guðlaugsson, Bjarney Annelsdóttir, Fjöltnir Guðmundsson, Hannes Friðriksson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Gunnar Schram.

Dagskrá:

1. Nýr settur lögreglustjóri, Grímur Hergeirsson kynntur til leiks
2. Staðan hjá sveitarfélögunum og HSS í baráttunni við Covid19
3. Staðan í innviðanefndinni vegna afhendingaröryggis raforku og vatns á Suðurnesjum.
4. Fjárhagsáætlun 2021
5. Viðbragðsáætlunargerð sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna náttúruhamfara og annarra áfalla í samfélaginu. Herdís Sigurjónsdóttir skilar af sér vinnu við gerð áætlana.

1. mál

Málinu frestað til næsta fundar þar sem Grímur Hergeirsson boðaði forföll.

2. mál

Staðan hjá sveitarfélögunum og HSS

Bæjarstjórar fara yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna Covid- 19 ástandsins og hver staðan er í hverju sveitarfélagi.

Fjöltnir Guðmundsson, HSS

Á Suðurnesjum eru núna 22 í einangrun og 185 í sóttkví. Tekið var 81 einkennasýni á HSS sem er met og síðan voru 8 sýni tekin á landamærum. Er talið að eitt smit hafi leitt af sér um 74 í sóttkví sem útskýri þessa miklu aukningu á svæðinu.

Jón Guðlaugsson, BS

Mikil aukning er búin að vera í Covid-tengdum flutningum auk þess að mikil aukning er á sjúkraflutningum almennt. Einn starfsmaður er í einangrun vegna Covid og annar er í sóttkví vegna Covid-19.

Margrét K. Pálsdóttir, Bjarney Annelsdóttir/ Lögreglan

Staðan er almennt góð en þó er nokkuð um tilkynningar vegna brota á sóttkví. Eru með takmarkað almennt eftirlit til að vera ekki útsett fyrir Covid en eru í eftirliti með sóttkví og annarri eftirlitsbundinni starfsemi.

Mikil aukning er á heimilisofbeldismálum og stefnir í að tvöföldun verði í þessum málaflokki á árinu auk þess sem töluverð aukning er á sjálfsvígstilraunum.

3. mál

Vinnuhópur vegna innviðanefndar.

Farið yfir efni fundar sem var haldinn í hópnum 11. júní s.l og hver afrakstur þess fundar var. Þar var ákveðið að HS Orka og HS Veitur myndu vinna í málinu og síðan myndu sveitarfélögin koma sér saman um hvað þau teldu ásættanlega áhættu í þessum efnum.

Beðið er eftir vinnu HS Orku og Veitna um hvað þurfi til svo sveitarfélögin geti tekið afstöðu því allt snýst þetta á endanum um mögulegan kostnað.

4. mál

Fjárhagsáætlun Almannavarna Suðurnesja.

Kynnt drög að fjárhagsáætlun. Þar er helsta breytingin að sett er inn hvort fara eigi í kaup á færanlegum rafstöðvum, hvort sem farið verði í kaup á einni eða t.d. einni á ári næstu 2-3 ár. Einnig að orðin sé mikil þörf á að fara í endurnýjun á vettvangsstjórnarbifreið.

Fjárhagsáætlunin verður rædd betur af bæjarstjórum á vettvangi fjárhagsnefndar í SSS.

5. mál

Máli Herdísar Sigurjónsdóttur frestað til næsta fundar.

Rætt var um rýmingaráætlanir fyrir Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Voga, eins og bóúð var að gera fyrir Grindavík. Ákveðið að hefja undirbúning og mun lögreglustjórinn á Suðurnesjum leiða vinnuna í samstarfi við almannavarnanefnd Suðurnesja, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og aðra hagsmunaaðila. Lögreglustjóri mun boða til fyrsta fundar.

Fundi slitið kl. 13:55.